



Reykjavík 3. júní 2011

Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður BHM
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Forsvarsmenn Bandalags háskólamanna hafa á undanförunum misserum fundað reglulega með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og kynnt áherslur bandalagsins í kjara- og réttindamálum í aðdraganda nýs kjarasamnings. Vill ríkisstjórnin með bréfi þessu áréttta afstöðu sína til þeirra mála sem forsvarsmenn BHM hafa tekið upp í þeim viðræðum. Jafnframt er vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, en þar er tekið fram að efnisatriði hennar varði kjarasamninga almennt. Einnig er vísað til bréfs forsætisráðherra og fjármálaráðherra til formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, dags. 29. maí sl., þar sem lýst er afstöðu ríkisstjórnarinnar til atriða sem varða þau samtök sérstaklega en hafa þó skírskotun til starfskjara opinberra starfsmanna almennt.

Þau efnahagslegu áföll sem dunið hafa yfir hafa m.a. haft þær afleiðingar að verulega hefur orðið að herða að í rekstri stofnana ríkisins og starfsfólk hefur ekki farið varhluta af því. Stjórnvöld eru reiðubúin til að skipa sérstakan starfshóp með aðild samtaka opinberra starfsmanna til að meta áhrif þessa á heilsufar og líðan starfsfólks, m.a. vegna streitu og álags. Skal starfshópurinn greina vandann og setja fram tillögur til lausnar.

Með hliðsjón af auknu álagi sem fylgt hefur í kjölfar efnahagsáfallanna er einnig mikilvægt að tryggja stöðugleika í starfsemi og starfsmannahaldi ríkisins. Í því sambandi er mikilvægt að greina þá þætti sem áhrif hafa á samkeppnishæfni ríkisins sem vinnuveitanda og hvað kunni að valda meintum atgervisflótta frá stofnunum ríkisins. Í þeim tilgangi mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að á samningstímanum vinni fjármálaráðuneytið í samstarfi við BHM heildstæðan samanburð á starfskjörum og -aðstæðum háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins og á almennum markaði. Nauðsynlegt er að brugðist verði við þeim niðurstöðum sem þessi vinna kann að leiða í ljós.

Stjórnvöld taka undir þá skoðun sem BHM hefur rökstutt, að það sé áhyggjuefni að háskólafólk nái ekki að sinna sí- og endurmenntun sem skyldi. Því hefur í núverandi samningaviðræðum verið lögð sérstök áhersla á að opna fyrir möguleika á að háskólamenn öðlist rétt til að fá launað leyfi til að sinna sí- og endurmenntun. Eðlilegt má telja að slíkur réttur verði háður almennum skilyrðum um t.a.m. starfstíma hjá viðkomandi stofnun og svigrúm til veitingar námsleyfis m.t.t. starfsemi stofnunarinnar.

BHM hefur í viðræðum við stjórnvöld lagt þunga áherslu á lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og er skilningur á því að lífeyrismál eru órofa hluti af heildarkjörum opinberra starfsmanna. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. kemur fram að stjórnvöld muni tryggja að ekki verði

hróflað við þegar áunnum réttindunum opinberra starfsmanna og breytingar á lífeyrismálum nema með samkomulagi við samtök þeirra unnar í nánú samráði við samtök þeirra. Þar segir:

... [við] blasir [...] að verulega skortir á að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna fái ráðið við skuldbindingar sínar án sérstakra framlaga úr ríkissjóði. Árlegt viðbótarframlag þyrfti að nema á þriðja tug milljarða frá árinu 2021, hafi ekki verið gripið til ráðstafana í tíma.


Af hálfu stjórnvalda stendur ekki til að safna þessum vanda upp og fresta því um áratug að takast á við hann. Þvert á móti miða viðræður og starf sem nú er í gangi að því að ná utan um þennan vanda og afmarka hann, semja um viðbrögð og leggja niður áætlun um hvenær inngreiðslur hefjist um leið og betur árar í ríkisbúskapnum. Nýlega var skipaður samráðshópur samtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra til að gera tillögu um hvernig það verður gert.

Mikilvægt er að tryggja einhug um framhald vinnu við samræmingu lífeyrisréttinda í starfshópi allra aðila á vinnumarkaði. Svo sem fram hefur komið er stefnt að því að niðurstaða fáið í þessa vinnu fyrir 1. september nk. og að málið verði lagt fyrir Alþingi í framhaldi af því.


Stjórnvöldum er það ljóst að komi til samræmingar á lífeyrisréttindum á opinberum og almennum vinnumarkaði er óhjákvæmilegt að endurmeta starfskjör félagsmanna BHM eins og annarra opinberra starfsmanna. Vilji er til þess að tryggja samráð við samtök opinberra starfsmanna til að ráðrúm gefist til að skilgreina sameiginleg úrlausnarefni og hvernig þau verði leyst vel og tímanlega. Í því skyni verður settur á fót starfshópur sem skipaður verði fulltrúum opinberra starfsmanna, þar á meðal fulltrúa BHM og stjórnvalda og taki til starfa eigi síðar en 1. október 2011.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skiptir sköpum í þeirri stefnu að tryggja aðgengi að námi óháð efnahag. Mikilvægt er að standa vörð um sjóðinn og tryggja sjálfbærni hans. Fyrir dyrum stendur endurskoðun á lögum um sjóðinn og munu stjórnvöld hafa samráð við samtök opinberra starfsmanna í þeirri vinnu. Ljóst er að greiðslubyrði námslána hefur þyngst á undanförunum árum. Stjórnvöld eru reiðubúin til að vinna í samstarfi við BHM að því að greina þróun greiðslubyrðarinnar og leita leiða til að létta hana, án þess þó að tefla fjárhagsstöðu LÍN í tvísýnu.

Að gefnu tilefni vilja stjórnvöld ítreka fyrri loforð um að komi til endurskoðunar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eða annarra laga sem varða stöðu og réttindi þeirra, þá verði það ekki gert nema í nánú samstarfi við BHM og önnur samtök opinberra starfsmanna.



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra